

109 Útaf þessu skal yður hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið, til birtingar
23. okt. fyrir hlutaðeigendum það, er hjer segir:

ad 1 a. Með því að sameining sú, á Stóradalsprestakalli og Holtsprestakalli, sem ákveðin er í lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla, eigi var komin á öðruvísi en svo, þegar síra Sveinbjörn sál. Guðmundsson ljezt, að hann aðeins þjónaði sem settur einnig Stóradal til dauðadags og án þess að greiða árgjald það af brauðinu til landssjóðs, sem sameiningin hefur í för með sjer samkvæmt lögnum, þá verður sá fjórðungur af tekjum brauðsins, sem ekkja nefnds prests á heimting á, fyrir yfirstandandi fardagaár, aðeins miðaður við tekjur hins fyrverandi Holtsprestakalls.

ad 1. b. Prestsekkjunni bera þá fyrst eptirlaun, er náðarárið er á enda, eða frá fardögum 1886, og hvort eptirlaunin þá verði greidd henni úr landssjóði eða af brauðinu, er samkvæmt 3. gr. laga 3. okt. f. á. um eptirlaun prestaekknna komið undir því, hvort fleiri ekkjur en hún verða þá á brauðinu, en að öðru leyti verður um eptirlaun þessi að fara eptir sömu grundvallarreglu og tekin er fram um tekjuhluata hennar af brauðinu fardagaárið 1885—1886.

ad 2. Prestsekkjan á Vestmannaeyjum fær í eptirlaun þegar náðarárið er liðið, eða frá fardögum 1886, $\frac{1}{3}$ af vissum tekjum prestakallsins, einsog þær verða árlega, og verður sóknarpresturinn að greiða eptirlaun þessi af brauðinu samkvæmt reglunum í tilskipun 15. des. 1865.

110 Brjef landshöfðingja til beggja amtanna um verklega búnaðarkennslu handa
2. nóv. Íslendingum í Noregi. — Einsog þjer, herra amtmaður, þóknanlega fáið sjeð af hjálögðu eptirriti af brjefi frá hinu kgl. danska búnaðarfjelagi dags. 23. sept. þ. á. og meðfylgjandi ársskýrslu fjelags þessa hefir stjórñ þess vakið máls á því, hvort það eigi mundi vera líklegur vegur til að efla framfarir í búnaðarlegu tilliti á Íslandi, að ungum, efnilegum bændasonum hjer á landi gæfist kostur á að fara til Noregs, og vera þar, einkum norðanfjalls, þarsem landshættir eru helzt svipaðir því sem gjörist á Íslandi, hjá bændum á hagkvæmum og velsetnum jörðum til að læra verklegan búnað undir handleiðslu þeirra. Hefir þetta ráð til að efla kunnáttu manna í búnaði verið notað í Danmörku um langan tíma og reynst ágætlega vel, og ungum bændasonum þaðan verið komið fyrir í þessum tilgangi ýmist í Noregi eða Skotlandi. Einsog drepið hefur verið á, er ætlast til, að námspiltarnir gangi að öllum verkum sem vinnumenn og fái á þann hátt tækifæri til að kynna sjer og læra alla þá vinnu, sem tíðkast á jörðum þeim, er þeim yrði komið fyrir á, svosem akuryrkju og túnyrkju, engjaskurð og vatnsveitingar, ræktun mýra, meðferð og notkun áburðar og heys, kvikfjárrækt alla, meðferð mjólkur og ullar o. s. frv. ennfremur allskonar innanhúsvinnu, og til þess að skerpa athuga námspiltanna og eptirtekt á öllu þessu, er ætlast til þeir haldi dagbækur og riti í þær allt það, er fram fer á býli því, er þeim er komið fyrir á; yrði staða námspiltanna yfir höfuð hin sama og vinnumanna að öðru leyti en því, að eigi verður ætlast til, að þeir fái nein laun, og yrðu þeir að kosta sjálfir fót handa sjer og annað, sem vinnumönnum er eigi lagt af húsbændum í Noregi. Kennslutíminn er gjört ráð fyrir að yrði 2 ár, og yrðu námspiltarnir sitt árið á hvorum staðnum, til þess að kynnast fleiri enn einni búskaparadferð.

Stjórñ búnaðarfjelagsins danska hefur nú spurzt fyrir um það, hvort yfirvöldin

hjer á landi einnig álíti ráðstöfun þá, sem að ofan er lýst, líklega til að efla framfarir í búnaði hjer á landi, og hvort búast megi við, að ungir efnilegir Íslendingar muni vilja nota tækifæri það, sem þeim býðst á þenna hátt til að læra verklegan búnað, og að endingu, hvort yfirvöldin hjer á landi muni vilja takast á hendur, að velja úr þá beztu og hæfustu af námspiltum þeim, er gæfu sig fram í þessu skyni. 110
2. nóv.

Ef til framkvæmdar kæmi á uppástungunni lofar búnaðarfelagið danska að útvega námspiltunum með aðstoð hins norska búnaðarstjóra (Landbrugsdirektör) góða og hentuga verustaði í Noregi, að láta þá fá nokkur búnaðarleg rit, sem þeir eignist að velafloknu námi, og að afhenda þeim diplom eða vitnisburðarbrjef um nám þeirra, og að endingu, að veita á ári 2 fátækum og efnilegum bændasonum íslezkum, sem vilji fara til Noregs í hinum umrædda tilgangi, 100 kr. styrk hvorum til ferðarinnar þangað og verunnar þar.

Útaf þessu vil jeg hjermeð þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, að skýra mjer frá þóknanlegu álíti yðar um uppástungu þá og tilboð, sem hjer liggur fyrir.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um gjald fyrir þinglestur á veðskuldabryjfi. — Með þóknanlegu brjefi, 26. f. m., hafið þjer, herra amtmaður, lagt undir úrskurð minn fyrirspurn frá sýslumanninum í Mýra- og Borgarfjardarsýslu, um það, hvernig reikna eigi þinglestursgjald af veðskuldabryjfi, sem nefndum sýslumanni hefur verið sent til fyrirfram innritunar frá verzlun nokkurri og þarsem 5 hndr. í jörðu eru veðsett fyrir því, sem skuldunautur var orðinn skuldugur verzluninni um, einsog líka fyrir því, sem hann kynni að fá til láns við verzlunina eptirleiðis. 111
2. nóv.

Útaf þessu skal yður hjermeð til vitundar gefið, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir sýslumanninum í Mýra- og Borgarfjardarsýslu, að jeg er yður og honum samdóma um, að gjaldið fyrir þinglestur á ofanáminnstu skjali, sem leggur veðband á fasteign, eigi ekki að takast eptir 30. gr. aukatekjureglugjörðarinnar, og að með því að eigi eru í veðskuldabryjfinu sett nein takmörk fyrir upphæð skuldar þeirrar, sem veðsetningin er fyrir, þá sje það rjett, einsog sýslumaðurinn hefur gjört, að reikna þinglestursgjaldið eptir þeim hæsta mælikvarða sem ákveðinn er í 29. gr. áminnstrar reglugjörðar.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um greiðslu kostnaðar við útvisun á landi til nýbýlis. — Með þóknanlegu brjefi, 11. sept. þ. á. hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað reikning frá sýslumanninum í Ísafjardarsýslu yfir kostnað við útvisun á landi í Látravík á Ströndum til nýbýlis, er framkvæmd var af nefndum sýslumanni með 4 tilkvöddum mönnum 24. júní þ. á., og hafið þjer, samkvæmt beiðni sýslumannsins lagt það til, að kostnaður þessi verði ávísaður úr landssjóði með þeirri upphæð, er úrskurðuð yrdi af mjer. 112
3. nóv.

Reikningur sýslumannsins er saminn svo, að í honum er fyrst tilfærður kostnaður af sjóvegsflutningi fyrir sýslumann og hina tilkvöddu menn frá og til Látravíkur og þvínæst reiknaðir dagpeningar meðan ferðin stóð yfir, handa sýslumanni 2 kr. á dag, og handa hinum tilkvöddu mönnum 83 a. á dag fyrir hvern þeirra. En þjer hafið á-